



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Steinahlíð

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat xxx deildar.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
4 Innra mat sérkennslu.....	15
5 Innra mat – fjöltyngd börn	16
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
8 Foreldrasamvinna.....	18
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10 Fylgigögn.....	19
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	19



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í leikskólanum Steinahlíð eru um 14 stöðugildi. Einhverjar breytingar geta verið á því eftir aldri og samsetningu barnahópsins hverju sinni. Umfang sérkennslu hefur einnig áhrif á fjölda stöðugilda

Starfsmannahald Steinahlíðar lítur nokkuð vel út. Einhverjar breytingar verða þó með haustinu. Starfsmannahald hefur verið stöðugt og er útlit fyrir að sá stöðugleiki haldi. Nokkuð er um það að starfsmenn leikskólans séu í leikskólakennaranámi. Þegar þessi orð eru skrifuð eru tveir starfsmenn í leikskólakennaranámi, tveir til viðbótar ætla sér að sækja um í leikskólakennaranám næsta haust. Þannig verða vonandi fjórir starfsmenn í leikskólakennaranámi næsta haust. Þessi fjöldi starfsmanna í námi felur í sér áskoranir, skólasókn og verkefnavinna mun hafa einhver áhrif. Sóknartækifæri eru þó ótvírætt meiri. Fagmenntað starfsfólk bætir og eykur faglegt starf innan leikskólans sem skilar sér beint til barnanna.

Áherslupættir á komandi vetri verða svipaðir og þeir hafa verið. Við ætlum að leggja áherslu á útinám og ræktun. Við höfum fengið styrk til þess að kaupa lítið gróðurhús. Með því getum við framlengt ræktun lengra fram á haust, að auki er hægt að byrja ræktunarstörf fyrr að vori. Okkur hefur orðið ágengt með að koma útinámi á fleiri hendur er var. Við höfum frábært fólk sem hefur áhuga og getu til þess að stunda útinám og njóta útiveru með börnunum.

Nýverið var gefin út menntastefna Reykjavíkurborgar sem nær til ársins 2030. Í menntastefnunni koma meðal annars fram fimm grundvallarpætti. Þættirnir eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Við stefnum ótrauð að því að efla okkur í öllum þessum þáttum á komandi vetri. Þessir

grundvallarþættir rúmast ágætlega fyrir í þeim áhersluatriðum sem nefnd eru hér að neðan.

Við teljum okkur hafa allar forsendur til þess að bæta skólann okkar. Við viljum leggja áherslu á ákveðna þætti til þess að öllum sem að skólanum koma líði vel. Þættirnir sem við viljum leggja áherslu á eru:

Öryggi og vellíðan. Barni sem líður vel er tilbúið að læra og skoða heiminn og takast á við þær áskoranir sem þar er að finna. Starfsfólki sem líður vel er tilbúið að gefa af sér og leiðbeina börnum á þeirri vegferð sem þau eru á. Vellíðan í starfsmannahópnum eflir samstarf og glæðir allt líf í leikskólanum. Ánægðir foreldrar styðja við leikskólastarfið, þeirra ánægja smitast til barnanna.

Útinám og umhverfi. Leikskólinn Steinahlíð hefur yfir einstakri lóð að ráða. Hún er stór og á henni má finna fjölbreyttan gróður og náttúrufyrirbæri. Lóðin býður upp á mörg námstækifæri sem þarf að nýta til náttúrufræðslu, ræktunar, félagsfærni og fleiri þátta.

Skapandi og örvandi leikskólaumhverfi. Sköpun er afskaplega breytt hugtak sem má túlka á marga vegu. Kennarar skólans eru hvattir til sköpunar í víðum skilningi þess orðs. Við viljum nýta sérstöðu hvers og eins og vitum að það eru til margar leiðir að sama markmiði, engin ein leið er sú eina rétta. Mikilvægt er að nýta allar byggingar leikskólans vel í þágu allra.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Skólanámskrá	Deildarstjórafundum og á skipulagsdögum	Allir starfsmenn skólans	Þarf að uppfæra. Búið að vinna talsvert í henni. Er í stöðugri vinnslu
Aðstaða starfsfólks og barna	Vinnueftirlit gert úttekt.	Opinberir aðilar og starfsmenn skólans	Starfsmannaaðstaða er ófullnægjandi. Hljóðvist ófullnægjandi á elstu deild. Loftræsting á yngri deildum ekki nægilega góð. Ofnar og lagnir ekki nægilega vel varðar.
Aðlögunarplan	Deildarstjórafundir og fundir milli deildarstjóra yngri deilda	Deildarstjórar og starfsmenn deilda. Leikskólastjórnendur lesa yfir	Aðlögun breytist aðeins. Upplýsingagjöf skilvirkari
Útisvæði barna.	Menn á vegum Reykjavíkurborgar komið og tekið út leiksvæðið	Stjórnendur skólans fylgt eftir málum.	Útisvæði innan girðingar illa farið, frágangi eftir framkvæmdir ábótavant

Ytra mat



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Stefna leikskólans	Foreldrakönnun	Foreldrar	Koma stefnu með skýrari hætti til foreldra.
Upplýsingagjöf til foreldra	Foreldrakönnun	Foreldrar	Virkja heimasíðu. Koma verkefnum með markvissari hætti til foreldra
Aðbúnaður barna	Foreldrakönnun	Foreldrar	Svæði innan girðingar þarfnast endurbóta
Stjórnun leikskólans	Foreldrakönnun	Foreldrar	Stjórnendur til staðar fyrir foreldra. Gera starfið sýnilegra fyrir foreldrum.

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Upplýsingaflæði til starfsfólks	Koma deildarstjóra fundum betur á framfæri við starfsfólk. Útskýra viðburði betur	Fundarbók inn á deildir og skipulag viðburða sömuleiðis	Deildarstjórar og leikskólastjórnendur.	Strax	Þegar vetrarstarf hefst að hausti.	Skipulagsdögum og jafnóðum	Starfsfólk betur upplýst.
Skólanámskrá	Þarf að uppfæra	Er komið í ferli	Stjórnendur	Þegar ar hafið	Maí 2022	Sólveig gerir beinagrind. Deildarstjórar hjálpast að við að setja kjöt á beinin	Skólanámskrá gefin út.
Uppeldis- og menntastærfr							
Mat á námi	Við ætlum að leggja TRAS próf fyrir öll börn leikskólans	Senda fleiri starfsmenn á námskeið	Leikskólastjóri	Þegar hafið	Gengur allt árið	Við reglulegt endurmat og þegar þurfa þykir	Prófa öll börn sem hafa náð 2,4 ára aldri



Útinám og ræktun	Gróðurhús væntanlegt.	Fá fræðslu um ræktun á skipulag sdegi	Skólastjórnendur og útinámsstjóri. Allir starfsmenn	Strax	Vinna sem alltaf er í gangi	Jafn óðum og á skipulagsdögu m. Ánægja allra sem koma að verkefninu	Ánægja og gleði. Börn og kennarar fróðari um ræktun
Mannauður/ Leikskólabragur							
Þátttaka foreldra í leikskólastafrfi og upplýsingamiðlun	Heimasíða ekki nægilega virk. Veiran hefur sett strik í reikninginn	Nota Völu fyrir myndir. Nota tölvupósta. Hafa viðburði úti	Allir starfsmenn skólans.	Strax	Vinna sem heldur áfram.	Metið jafn óðum. Við skoðum vel kannanir og þá punkta sem foreldrar gefa.	Ánægðir foreldrar.
Innra mat							
Starfsandi	Skilvirkari starfsþróunarsamtöl	Festa tíma fyrir viðtöl. Nýta þær kannanir sem gerðar	Leikskólastjóri	Strax	Vinna sem heldur áfram.	Metið jafn óðum. Aðstoðarleikskólastjóri veitir aðhald	Viðtöl markvissari. Niðurstöður kannana



		hafa verið.					

3 Innra mat Hlíð

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfshjálpi á matmálstíminum	Börn skammti sér sjálf og rétti hvort öðru og gangi frá eftir matinn	Setja upp stöð til þess að börnin geti gengið sjálf frá eftir sig	Allir kennarar í matartímanum	11. maí 2021	278. maí 2021	Á deildarfundum	Að börnin geti sjálf skammt að sér á diskinn, hvort rétt öðru og gengið frá eftir sig.
Samráð milli hópstjóra	Að allir hópstjórar viti hvað hinir	Rætt á deildarfundum hvað við	Deildarstjóri	Ásúts 2021	Maí 2022	Í endurmati í maí 2021 og á deildafundum	Hvort tekist hafi að samræ



	hópstjórnarnir eru að gera	erum að gera.				m um veturinn.	ma hópastarfr.
Meiri gæði í samverunni fyrir hádegisverðinn.	Hafa tvær samverur fyrir hádegismatinn.	Þau sem eru í neðri fataklefa fara í samveru niðri og þau sem eru í fataklefa uppi fara í samveru uppi.	Allir kennarar	17. maí 2021	17. maí 2022	Í endurmati í maí 2022	Hvort og hve oft við náum að hafa tvær samverur

4 Innra mat Kjarr

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu



							vel tókst að ná markmiði.
Hópastarf	Hafa hópastarf 3x í viku. Hver starfmaður sinnir ákveðnum verkefnum.	Með því að fara eftir skipulagi deildarinnar og hvetja starfsfólk til að gera sitt besta.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allir starfmennt deildarinnar framkvæma.	Hefst í byrjun september.	Lýkur í maí ár hvert.	Endurmetið um áramót og með skriflegu endurmati.	Að öllum líði vel, læri nýja hluti og efli samskipti.
Útinám	Setja upp betra skipulag með útinám deildarinnar.	Fara eftir dagskipulagi og leita sér upplýsinga um verkefni.	Deildarstjóri ber ábyrgð og hópstjóri hverrar viku sér um að framkvæma.	Hefst í byrjun september ár hvert.	Lýkur í maí ár hvert.	Endurmetið tvisvar á ári, fyrir áramót og svo aftur í maí. Skriflegt endurmat.	Að öllum líði vel, læri nýja hluti og efli samskipti. Börnin þekki og beri virðingu fyrir umhverfinu.
Lubbastundir	Koma Lubbastundum í fastar skorður.	Með því að setja þær upp í dagskipulagið.	Deildarstjóri ber ábyrgð, allir starfsmenn deildarinnar	Hefst strax í byrjun annar, er allan ársins hring.		Endurmetið á vorin.	Að börnin þekki stafi í sjón og þekki að lágmarki sinn staf.



			framkvæ ma.				
Bókaormur	Viljum taka upp bókaormin n aftur í haust.	Setja inn í dagskipula g deildarinn ar.	Deildarstj óri ber ábyrgð og allir starfsme nn deildarin nar framkvæ ma.	Hefst í septemb er	End ar í júní.	Endurmetið á vorin.	Að börn og starfsme nn fá meiri fjölbreyt ni í lestri.



5 Innra mat Laut

1 Innra mat Laut

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur	
Læsi/málörvun	Lestur á hverjum degi í samveru. Söngur daglega. Leggjum orð á allar athafnir og nýtum hvert tækifæri til samtals við börnin.	Lesum bók eða loðtöflusög u daglega í síðustu samveru dagsins. Syngjum fjölbreytt lög daglega. Nýtum matartíma, frjálsan leik og bleyjuskipti til að mynda góðar samræður.	Deildarstjó ri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar framkvæmi r	Allt árið		Höfum bækur vikunnar sem við lesum fyrir þau. Gerum söngsrá fyrir hvern mánuð og lítil söngspjöld með mynd. Hafa fjölbreyttar myndir sýnilegar til að byggja samræður á.	Að börnin heyri fjölbreyttar sögur og söng daglega og áhersla á endurtekning u. Nýtum hvert tækifæri til að tala við þau.	
Sjálfs hjálpi	Að börnin læri helstu sjálfs hjálpi miðað við aldur þeirra og þroska	Þjóðum börnunum að gera hlutina sjálf og boðin aðstoð þegar við á.	Deildarstjó ri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar framkvæmi r	Allt árið		Börnunum boðið að gera sjálf, ef það gengur ekki býður starfsfólk barninu hjálpi. Börnin ganga frá disk, glasi og hnífapörum sjálf eftir matinn, klæða sig sjálf í útiföt, koma sjálf	Sjálfráust eflist og þau verða færari í að bjarga sér sjálf í daglegum athöfnum	



						þegar þeim er boðið.		
Útinám/útivera	Kynna börnunum fyrir umhverfi sínu og fjölbreyttri náttúru. Að börnin læri að vera úti í öllum veðrum.	Förum í ferðir út fyrir girðingu og löbbum um svæðið umhverfis leikskólann. Förum út að lágmarki einu sinni á dag og allt upp í þrisvar.	Deildarstjóri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar framkvæmir.	Allt árið		Útinám er inn í skipulögðu hópastarfi. Börnunum skipt upp í litla hópa og tveir kennarar fara með hvern hóp. Hvert skipti skipulagt fyrirfram til að ná markvissri kennslu. Lögð áhersla á daglega útiveru allt árið.	Að börnin kynnist umhverfi sínu og læri að umgangast náttúruna og fjölbreytt íslenskt veðurfar.	
Foreldrasamstarf	Byggja upp gott og traust samband milli starfsfólks og foreldra	Senda póst vikulega til foreldra, hringja eða senda póst ef eitthvað kemur upp vaðandi barnið, daglegt samtal í upphafi og lok dags	Deildarstjóri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Allt árið		Allt starfsfólk sé sýnilegt og taki þátt í samstarfi við foreldra	Ánægðir foreldrar sem upplifa traust og öryggi barnanna sinna í leikskólanum	
Frjáls leikur	Börnin fá tækifæri til frjáls leiks daglega	Hafa tíma og rými til frjáls leiks í dagsskipulagi	Deildarstjóri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Allt árið		Gefa börnunum tækifæri á að velja sér leikefni og hafa nægan tíma til að ná dýpt í leiknum	Að börnin eflist í félagslegum samskiptum í gegnum leikinn	
Hópastarf	Hafa fjölbreytt viðfangsef	Skipuleggja fyrirfram hvað á að	Deildarstjóri ber ábyrgð. Starfsfólk	Október	Maí	Skiptum börnunum í litla hópa, tveir kennarar með	Að börnin fái tækifæri til sköpunar inni	



	ni inni sem og út við	gera í hverri viku	deildarinnar framkvæmi r			hverjum hóp. Annar hópur inni, hinn úti. Fjölbreytt skapandi verkefni í boði	sem og úti við.	
--	--------------------------	-----------------------	--------------------------------	--	--	---	--------------------	--

2 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan á sér stað inni á deild eins og hægt er. Börnin njóta íhlutunar sem að hentar þeim og ef þurfa þykir þá er farið með þeim í einstaklingskennslu í stutta stund út af deildinni. Að öðru leiti er lögð áhersla á að þau taki þátt í öllu starfinu sem að á sér stað á deildinni.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	EFI-2, TRAS, HLJÓM-2, APES, Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni sem að hafa verið notuð í sérkennslu eru spil (sum hafa verið keypt önnur búin til), bækur, smáforrit á borð við Bitsbord, Orðagull og Leikum og lærum með hljóðin.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Gera málörvandi spil aðgengileg á deildum.	Búa til málörvunar-efni sem hentar hverri deild og hafa það aðgengilegt	Sérkennslu-stjóri	01.09.2021	01.11.2021	Hvort að spilamappa sé til staðar og nýtt inn á deildunum	Að efnið sé nýtt til málörvunar á deildum.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það fer í starfsmannahald
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er unnið með grunnorðaforðann allan daginn með því að leggja markvisst orð á hluti og athafnir. Þá eru allar stundir notaðar til að leggja inn orð og ræða saman s.s. matartími, bleyjuskípti, fataklefinn og ekki síður leikurinn. Samverustundir eru notaðar til málörvunar og er t.d. farið yfir útifatnað barnanna með aðstoð mynda á hverjum morgni. Þegar börnin eldast gerum við kröfu á að þau noti orðin sjálf til að biðja um það sem að þau vilja. Fyrst eru þau aðstoðuð þar sem starfsfólk nefnir

	hlutina fyrst eða gefur þeim vísbendingar þar til þau ná tökum á orðunum sjálf. Við leggjum grunnorðaforða einnig inn þegar við spilum spil eins og bingo, ég á... hver á? eða Alias.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Á Steinhlið er mikið lesið og sungið með börnunum og við nýtum mikið myndir til að leggja inn ný orð. Þá notum við líka tákn með tali til að gera orðin sýnileg. Við leggjum áherslu á að samverustundirnar séu gæða stundir og að hóparnir séu eins litlir og hægt er.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Síðastliðin vetur hefur verið unnin undirbúningsvinna svo hægt sé að fylla út TRAS lista fyrir öll börn á leikskólanum til að fylgjast með málþroska. Við erum byrjuð að fylla út TRAS lista fyrir börnin.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já. Þessir þættir eru flestir skráðir á TRAS listunum og við fylgjumst vel með þessum þroskaþáttum. Við vinnum mikið með tilfinningar bæði í gegnum myndir, sögur, söngva og ræðum þær í daglegum aðstæðum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Hvernig er unnið að	Gera áætlun um hvernig er unnið	Sérkennslustjóri og deildastjórar	01.09.2021	01.02.2022	Mat deildastjóra	Að til sé efni sem

	markmið um TRAS.	með ákveðna þætti TRAS. Þá er auðvelt að vinna með þá þætti sem að þarf að styrkja.				á því hvernig efnið nýtist.	að styrkir ákveð na TRAS þætti.
--	---------------------	--	--	--	--	--------------------------------	--

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Heimsfaraldurinn setti talsvert strik í reikninginn þegar kom að þessum þætti. Fólk var þó duglegt að Sækja sér fræðslu á netinu. Nokkuð var um að fólk færi á netfundi. Fólkið sótti til að mynda fundi um barnavernd, fjöltyngi og styttingu vinnuvikunnar. Að auki sótti fólkið námskeið um Tras lista. Fólkið lærði að fylla þá út og einnig hvernig er besta að fylgja niðurstöðum eftir. Að auki má nefna að fólk hér innanhúss hélt fræðslu fyrir starfsfólkið. Lárus fjallaði um útinám og allt sem því tengist. Sólveig fjallaði um málörvun. Að auki má nefna að nú í vetur hafa tveir starfsmenn verið í leikskólakennaranámi. Við stefnum á að fjölga þeim sem fara í námið.

Starfsþróunarsamtöl fara öllu jafna fram í febrúar. Þau drógust nokkuð þetta árið. Ekki hafa enn allir starfsmenn fengið starfsþróunarsamtal. Stefnt er að því að taka þau á haustmánuðum.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Þetta mikilvæga samstarf hefur legið nánast alveg niðri þennan veturinn vegna heimsfaraldursins.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrar hafa ekki getið komið í skólann eins mikið og við hefðum viljað. Foreldrafélagið hefur haldið tvo fundi núna í vetur sem leikskólastjóri hefur sótt. Við höfum reynt að leggja áherslu á tölvupóstsamskipti við foreldra. Við leggjum áherslu á að ef foreldrar hafa spurningar eða upp koma mál sem þarf að leysa úr þá sé það gert jafn óðum. Við vonumst til þess að nú verði hægt að hafa foreldrasamvinnu með þeim hætti sem hún hefur verið í gegnum árin.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagur verða sex talsins næsta vetur eins og þeir voru nú í vetur. Þrír af þessum skipulagsdögum eru sameiginlegir með grunnskóla og leikskólum hverfisins. Skipulagsdagar sem eru sameiginlegir með öðrum skólum hverfisins eru:

Föstudagurinn 26. nóvember.

Mánudagurinn 3. janúar.

Föstudagurinn 18. mars.

Að auki eru svo aðrir þrír skipulagsdagar þar sem leikskólinn Steinahlíð verður lokaður. Dagarnir eru:

Föstudagurinn 17. september.

Föstudagurinn 25. febrúar.

Föstudagurinn 13. maí.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .Bergsteinn Þór Jónsson

Bergsteinn

27. 6.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Steinahlíð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun.

Foreldraráð telur að leikskólinn sé mjög heppinn með starfsfólkið sem þar starfar. Starfsmenn gæta öryggi barna og koma fram af mikilli virðingu og hlýju við börn og foreldra. Gott aðgengi er að leikskólastjóra og deildarstjórum og bregst leikskóli fljótt við ábendingum foreldra. Foreldraráð gleðst yfir því að flestir starfsmenn sem nú starfa í leikskólanum hyggist halda áfram í Steinahlíð næsta haust og bendir það til þess að vel sé hugsað um vellíðan starfsmanna. Einnig er ánægjulegt hvað margir starfsmenn hafa áhuga á leikskólakennaranáminu.

Foreldraráð vill sérstaklega hrósa stjórnendum leikskólans og öðru starfsfólki leikskólans fyrir hversu vel gekk í erfiðum og krefjandi aðstæðum í vetur vegna covid-19. Upplýsingaflæði til foreldra var mjög gott og vel haldið utan um skipulag. Áberandi var að vellíðan barnanna og öryggi barna og starfsfólks var í fyrirrúmi í öllu því skipulagi og skerðingu leikskólavistar sem aðstæður kröfðust.

Samkvæmt innra mati leikskólans stefna deildir leikskólans á að efla hópastarf og útinám næstkomandi vetur. Í umbótaáætluninni kemur meðal annars fram að auka þurfi rými fyrir starfsfólk til að skipuleggja stundirnar og hver og einn starfsmaður beri ábyrgð á ákveðnum verkefnum.

Foreldraráð telur mikilvægt að halda við öflugu faglegu starfi þar sem meðal annars er unnið markvisst út frá þeim fimm grundvallarþáttum sem koma fram í nýútgefinni menntastefnu Reykjavíkurborgar. Til þess að nálgast þau markmið teljum við mikilvægt að leikskólinn móti sér skýra stefnu í því hvernig undirbúningi starfsmanna, bæði faglærðra og ófaglærðra, sé háttað. Huga þarf sérstaklega að undirbúningstíma starfsfólks með tilkomu styttingu vinnuvikunnar. Foreldraráð telur ykkur eiga hrós skilið fyrir að finna leiðir til að takast á skipulag leikskólastarfs eftir að stytting vinnuvikunnar tók gildi. Einnig teljum við mikilvægt að í upphafi leikskólaárs verði gerð áætlun um hvernig faglegu starfi verði viðhaldið ef til manneklu kemur.



Á fundi með foreldraráði ræddi leikskólastjóri um að stefnt væri á að gera sér námskrá fyrir elsta hópinn og óskar leikskólaráð eftir því að það komi fram í áætluninni.

Foreldraráð er ánægt með sérkennsluáætlun leikskólans og þeirri fjölbreyttu endurmenntun sem starfsfólk hefur fengið tækifæri til að sinna síðastliðið leikskólaár. Einnig er mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna upplýsandi og gott að vita hvaða þætti er verið að efla og bæta.

Foreldraráð óskar enn eftir læsisstefnu Steinahlíðar eins og stefnt var að í námsskrá 2015.

Foreldraráð lítur björtum augum á komandi vetur og starfsandinn í leikskólanum virðist vera góður.

Við finnum fyrir miklum eldmóð og jákvæðni hjá starfsfólki.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Silja Björk Egilsdóttir

Ásta Björnsdóttir

Sigríður Laufey Gunnlaugsdóttir

Lena Björg Rúnarsdóttir

Anna Liebel

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:



- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla: **Steinahlíð**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 S		1 M		1 F		1 M		1 M	Fúlveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ	Sprennidagur	1 F		1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 F	
2 M	Friðagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 S	Skipulagsdagur - Lokað Sameiginlegur	2 M		2 M	Óskudagur	2 L		2 M		2 F		2 L	
3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F		3 M		3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 S	
4 M		4 L		4 M		4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 F		4 M		4 M		4 L		4 M	
5 F	Opnum eftir sumarlokun	5 S		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	Hvítasunnudagur	5 Þ	
6 F		6 M		6 M		6 L		6 M		6 F	Þrettándinn - Foreldrakaffi	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu	6 M	
7 L		7 Þ		7 F		7 S	Steinahlíð 72 ára	7 Þ		7 F		7 M		7 M	Kjarr verður með foreldravöðl þessa viku	7 F		7 L		7 Þ		7 F	
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ		8 F		8 S		8 M		8 F	
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		9 L	
10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F		10 M		10 F		10 F		10 S	Pálmásunnudagur	10 Þ		10 F		10 S	
11 M		11 L		11 M	Hlið verður með foreldravöðl þessa viku	11 F		11 L		11 Þ		11 F	Dagur íslenska táknaðsins	11 F		11 M		11 M		11 L		11 M	
12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Síðmannadagurinn	12 Þ	
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M		13 F	Skipulagsdagur - Lokað	13 M		13 M	Sumarlokun
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M		14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ		14 F	Opnum eftir fimmtudaginn 11 ágúst
15 S		15 M		15 F		15 M		15 M		15 L		15 Þ		15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M		15 F	
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 S		16 M		16 M	Hlið verður með foreldravöðl þessa viku	16 L		16 M		16 F		16 L	
17 Þ		17 F	Skipulagsdagur - Lokað	17 S		17 M		17 F		17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn	17 S	
18 M		18 L		18 M	Kjarr verður með foreldravöðl þessa viku	18 F		18 L		18 Þ		18 F	Mómmu- og ömmu kaffi	18 F	Skipulagsdagur - Lokað Sameiginlegur	18 M	Annar í páskaum	18 M		18 L		18 M	
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 Þ	
20 F		20 M		20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F		20 M		20 M	
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Böndadagur - Pabba- og Alfa kaffi	21 M		21 M	Laut verður með foreldravöðl þessa viku	21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ		21 F	
22 S		22 M		22 F		22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 F	
23 M		23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F		23 L	
24 Þ		24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	Drullumálsdagurinn	24 S	
25 M		25 L		25 M	Laut verður með foreldravöðl þessa viku	25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F	Skipulagsdagur - Lokað	25 F		25 M		25 M		25 L		25 M	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ		26 F	Skipulagsdagur - Lokað Sameiginlegur	26 S	Annar í jólu	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S		26 Þ	
27 F		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F		27 M		27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 M	Bolludagur	28 M		28 F		28 L		28 Þ		28 F	
29 S		29 M		29 F		29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M		29 F	
30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F		30 L	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M				31 F				31 Þ				31 S	